

2. fundur undirbúningsstjórnar um sameiningu Akrahrepps og Sveitarfélagsins Skagafjarðar

Haldinn þann 31. mars kl. 8:00 á Teams.

Fundinn sátu:

- Drífa Árnadóttir
- Eyþór Einarsson
- Gísli Sigurðsson
- Hrefna Friðriksdóttir
- Jóhanna Ey Harðardóttir
- Sigfús Ingi Sigfússon
- Róbert Ragnarsson og Freyja Sigurgeirsdóttir, ráðgjafar. Freyja ritaði fundargerð.

1. Bréf til innviðaráðuneytisins

Róbert kynnti drög að bréfi til innviðaráðuneytisins. Sigfús og Hrefna munu taka saman yfirlit yfir reglur og samþykktir sveitarfélaganna sem verður sent til ráðuneytisins samhliða bréfinu.

Bréfið samþykkt samhljóða og Sigfúsi falið að undirrita bréfið og senda á ráðuneytið til staðfestingar.

2. Hugmyndasöfnun um val á nafni

Hugmyndasöfnun fór af stað í vikunni í samstarfi við Betraí sland og hefur gengið vel en 75 hugmyndir eru komnar inn á www.betraisland.is.

Ákveðið að lokað verði fyrir hugmyndasöfnunina nk. fimmtudag, þann 7. apríl kl. 16. Í framhaldi mun nefndin taka til umræðu og ákveða þau nöfn sem send verða til umsagnar Örnefnanefndar.

3. Næsti fundur

Næsti fundur nefndarinnar verður föstudaginn 8. apríl kl. 8 á Teams.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 8:45.